

Reglur varðandi leiguhúsnæði hjá Norðurþingi

1. Skilyrði fyrir leigu er að leigjandi sé í greiðsluþjónustu (sjálfvirkni millifærslu) og þarf við afhendingu íbúðar að liggja fyrir skrifleg staðfesting bankastofnunnar þar að lútandi. Skilyrði er að umsækjandi sé ekki í vanskilum við Norðurþing, stofnanir þess eða fyrirtæki, við afhendingu leiguíbúðar.
2. Leigusamningar um íbúðarhúsnæði sem Norðurþing ráðstafar sem leigusali, skulu auk annarra ákvæða hafa að geyma eftirfarandi reglur:
 - a. Hafi húsaleiga verið í vanskilum í 3 vikur er leigutaka sent aðvörunarbréf (sem símskeyti) þar sem honum er bent á að hafa samband við félagsþjónustuna og semja um skuld sína innan 2ja vikna frá dagsetningu bréfsins.
 - b. Sinni leigutaki ekki þeirri aðvörun innan tímamarka er honum send lokaadvörun í ábyrgðarpósti um að semja um skuld sína eða gera hana upp, innan 2ja vikna, ásamt viðvörun um að riftun kunni að verða beitt verði leigu ekki komið í skil, allt í samræmi við lög um húsaleigu nr. 36/1994.
 - c. Verði leigutaki ekki við þeirri aðvörun verður leigusamningi rift.
 - d. Ef leigutaki rýmir ekki íbúðina innan gefins frests mun sveitarfélagið höfða mál fyrir dómi og krefjist úrskurðar dómara þess efnis að leigjandinn verði borinn út úr húsnæðinu.
3. Lendi leigutaki í vanskilum með húsaleigu skal samkomulag um uppgjör ógreiddra gjalddaga háð því skilyrði að leigutaki undirriti yfirlýsingu þar sem hann heimilar að mánaðarlegar húsaleigubætur, sem hann kunni að eiga rétt á hjá sveitarfélaginu, greiðist beint inn á viðskiptareikning hans hjá Norðurþingi til greiðslu eldri leiguskulda og eftir það skuli ráðstafa þeim á móti áfallandi gjalddögum. Húsaleigubæturnar skulu dragast beint frá mánaðarlegri húsaleigu.
4. Endurnýjun leigusamnings skal háð sömu skilyrðum og gilda við gerð nýs samnings, sbr. 1. tölulið